

Fundargerð samstarfsnefndar**Sambands íslenskra sveitarfélaga og Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga**

Fundur var haldinn í samstarfsnefnd Sambands íslenskra sveitarfélaga (SNS) og Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga (Fíh) þann 17. maí 2023.

Fyrir hönd félagsins: Eva Hjörtína Ólafsdóttir og Harpa Ólafsdóttir

Fyrir hönd sambandsins: Bjarni Ómar Haraldsson og Margrét Sigurðardóttir sem ritaði fundargerð.

Þessi mál voru tekin fyrir:**1. Misræmi á launatöflum**

Starfsmati er ætlað að meta störf þannig að sömu laun séu greidd fyrir störf sem falla undir sama stigafjölda samkvæmt tengitöflu starfsmats.

Það starfsfólk sem er í launaflokkum 159 – 162 samkvæmt launatöflu Fíh og er í starfsmati, fær umtalsvert lægri laun en ef það væri á launatöflu BSRB.

Niðurstaða:

Frá 1. apríl 2023 til 31. mars 2024 verður því starfsfólki sem er í Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga, er í störfum sem raðast samkvæmt starfsmati og er í launaflokkum 159 – 162 í launatöflu starfsmats, greidd önnur laun samkvæmt töflu 1 fyrir fullt starf til þess að jafna launamun þeirra sem eru í launaflokkum á bilinu 159-162 í aðildarfélögum BSRB.

Um er að ræða mánaðarlegar fjárhæðir sem greiddar eru út samningstímann eða þar til annað verður ákveðið. Greitt skal hlutfallslega miðað við starfshlutfall.

Tafla 1

Launaflokkur	Önnur laun
159	6.343
160	5.183
161	3.992
162	1.266

Fleira ekki gert.